

Breytingin felur í sér stækkun verslunarhúsnæðis á 1. hæð, breytingu á aðkomu, bíla-stæðum, umferðarflæði og fleira.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 3. febrúar 2000.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Brúartorg í Borgarnesi.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 10. febrúar 2000.

Sigurður P. Harðarson bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Umferðarráð, nr. 86 30. janúar 1997.

1. gr.

Í stað „Slysavarnafélag Íslands“ í 2. mgr. 2. gr. komi: Slysavarnafélagið Landsbjörg.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 113. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 138 13. desember 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. febrúar 2000.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Sandra Baldvinsdóttir.